

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

16. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 30. ágúst kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru.

Bragi Þ Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.  
Fundur settur klukkan 8:30.

Samúel Kristjánsson bauð viðstadda velkomna, setti fundinn og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Staða skipulagsmála – fundargerð 4. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 13. ágúst 2019.

**Bókun vegna umsóknar um lóð í Eyrardal:** Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir að stækka þjónustusvæði í Eyrardal og minnka um leið íbúðasvæði þannig að lóðin Eyrardalur III verði undir verslun, þjónustu og rúmi um leið léttan iðnað. Sveitarstjórn setur þann fyrirvara að umsókn, teikningar og framkvæmd sé í sátt við nágranna og komist í gegnum skipulagsferli án athugasemda eða tafa á aðal- og deiliskipulagi og fari í formlegt ferli.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerð 5. fundar atvinnu- og landbúnaðarnefndar 26.8.2019.

Fundargerð samþykkt.

3. Leigumál í Súðavíkurhreppi.

Sveitarstjóra falið að endurskoða alla leigu húsnæðis á vegum Súðavíkurhrepps. Sveitarstjóra falið að segja upp öllum leigusamningum til endurskoðunar samninga og bjóða leigjendum á nýjum kjörum.

4. Fasteignir Súðavíkurhrepps.

Grundarstræti 1-3 – notkun og útleiga húsnæðis.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leita eftir afstöðu Landsbankans um eign þeirra í Grundarstræti og semja um framhalds rekstur á húsnæðinu.

5. Erindi vegna þingsályktunartillögu Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Súðavíkurhreppur leggst gegn þvingaðri sameiningu sveitarfélaga sem ekki ná lágmarksfjöldaviðmiðum samkvæmt þeirri þingsályktunartillögu sem liggur til umsagnar í samráðsgátt. Súðavíkurhreppur leggur til að frekari samvinna verði við þau önnur 38 sveitarfélög sem þingsályktun varðar.

6. Önnur mál.

- a. Íbúalýðræði: Súðavíkurhreppur leggur til að leitað verði leiða til þess að auka íbúalýðræði í sveitarfélaginu.
- b. Sorphiðrumál í Inndjúpi: Sorpgámur verði færður frá brú við Hrútey og hann færður í Hörgshlíð og það gert í samráði landeiganda við þá sem sinna sorphirðu.
- c. Flokkun sorps í Inndjúpi: Sveitarstjórn leggur til að sorphirða verði boðin út og fundin viðunandi lausn varðandi flokkun. Sveitarstjóra falið að fylgja eftir.
- d. Umferð í Inndjúpi, hraðakstur við Hörgshlíð: Sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerðina um úrbætur að höfðu samráði við lögreglu.
- e. Merking á eyðibýlum í Súðavíkurhreppi: Merkingu fjarða og eyðibýla er ábótavant í Djúpi og lagt til að rætt verði við þá aðila sem hafa með það að gera merkja að skoða úrbætur.
- f. Örnefnaskráning í Súðavíkurhreppi: Kannað verði hvernig skráningu er háttað og hvort unnt sé að halda utan um það með skilvirkum hætti.
- g. Vatnsfjörður, minjauppgröftur: Lítil sinning hefur um svæðið og þörf á því að slá og hirða um svæðið. Sveitarstjóra falið að kanna hver hafi með svæðið að gera og hvað unnt sé að gera til þess að koma svæðinu í betra horf t.d. með slætti.
- h. Snjómokstur í Inndjúp – fyrirspurn varðandi það hvernig snjómokstri sé hagað, einkum er varðar mokstur heim að bæjum í dreifbýli og t.a.m. frá útihúsum. Sveitarstjórn leggur til að samið verði við Vegagerðina um að sinna eftir þörfum moskstri heim að lögbýlum samkvæmt frekara samráði við ábúendur.
- i. Fyrirspurn um smalavegi sem liggja um lönd þar sem þessum vegum hefur verið lokað: Í þeim tilvikum sem þörf er á smalavegi er þeim sem hagsmuna hafa að gæta benta á senda inn erindi til Súðavíkurhrepps og sækja um í viðeigandi sjóð.
- j. Ljósleiðaravæðing í Súðavíkurhreppi: Sveitarstjóra falið að fylgja þessu eftir og fá kostnaðaráætlun um tengingar á einstaka lögbýli og sumarhús.
- k. Refaveiðar í Súðavíkurhreppi: Sveitarstjórn er sammála um að hafa þurfi frekara samráð við ábúendur lögbýla um tilhögun veiða. Málin vísað til viðeigandi nefndar.
- l. Umsögn – ósk um leyfi til að reka gististað í flokki II í Holtagötu 4: lagt fram til kynningar og vísað til viðeigandi nefnda.
- m. Land Saura II – vegna aðalskipulags: Tekið er tilliti til þessara athugasemda og verður lagt fyrir byggingafulltrúa að skoða við auglýsingu aðalskipulags.
- n. Skipan í nefndir:
  - i. Velferðarnefnd: Lagt til að Dagbjört Hjaltadóttir verði skipuð nefndarmaður.
  - ii. Atvinnu- og landbúnaðarnefnd: Lagt til að Aðalsteinn L. Valdimarsson verði skipaður nefndarmaður.
  - iii. Skipulags-, bygginga-, umhverfis og samgöngunefnd: Lagt er til að Sigurdís Samúelsdóttir verði skipuð nefndarmaður.
- iv. Fundartími Sveitarstjórnar: Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir að breyta fundartíma fastra funda til 9:30, annan föstudag hvers mánaðar.

Fundinn sátu tveir áheyrnarfulltrúar úr Inndjúpi, Aðalsteinn L. Valdimarsson og Stella Guðmundsdóttir.

Fleira ekki gert.

**Fundi slitið kl. 13:55**

**Elín Gyldfadóttir**

**Karl Guðmundur Kjartansson**

**Örn Elías Guðmundsson**

**Jóhanna Kristjánsdóttir**

**Samúel Kristjánsson  
oddviti**